



Starfsreglur fyrir Námsver í Kópavogsskóla

Hlutverk og markmið

Hlutverk Námsvers er að veita nemendum í 5. – 10. bekk, sem eru með þroskafrávik og/eða annan fjölbættan námsvanda samkvæmt fyrirbyggjandi greiningargögnum, nám og uppeldi við hæfi. Nemendur innritast í Námsver Kópavogsskóla þegar sýnt þykir að að almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum þeirra. Hægt er að sækja um í Námsveri fyrir nemendur úr öllum skólum Kópavogs. Námsver starfar með hliðsjón af lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um nemendur með sérþarfir nr.585/2010

Nám fer fram samkvæmt rökstuddri einstaklingsnámskrá hvers nemenda. Hún skal byggð á kennslufræðilegri greiningu á náms- og þroskastöðu nemandans ásamt rökstuddu mati á vali forgangsverkefna á hverjum tíma (sjá 20. gr reglugerðar nr. 585/2010).

Megin markmið eru að nemendur fái sem best notið sín í leik og starfi. Að unnið sé að bættri líðan og námsfærni nemandans. Áhersla er lögð á fjölbreytt viðfangsefni og nám sem tekur mið af áhuga og getu hvers og eins með aðalnámskrá, skólanámskrá og starfsáætlun Kópavogsskóla að leiðarljósi. Allir nemendur Námsvers eru skráðir í almenna bekk. Eftir því sem unnt reynist og í samræmi við einstaklingsnámskrá skal vinna að félagslegri blöndun nemenda í tilteknum námsgreinum og/eða kennslustundum í samráði við umsjónar- og sérgreinakennara. Þá skal þess ennfremur gætt að nemendur Námsvers taki með eðlilegum hætti þátt í sameiginlegum athöfnum nemenda skólans.

Stundi nemendur af erlendum uppruna eða nemendur úr öðrum skólahverfum nám í Námsveri Kópavogsskóla er stuðst við móttökuáætlun skólans skv. 16. gr. laga um grunnskóla nr.91/2008 og 9. gr reglugerðar 585/2010.

Þjónusta sérfræðinga og stuðningur er veitt eins og til annarra nemenda Kópavogsskóla. Til viðbótar er sérfræðiþjónustufulltrúi á Menntasviði Kópavogs tengiliður við úrræðið.

Inntökuferli

Foreldrar skulu sækja um fyrir 30. apríl ár hvert og skal umsóknin berast til skólustjóra. Foreldrar nemenda sækja um inngöngu í deildina á þar til gerðu eyðublaði að lokinni umfjöllun um stöðu nemenda í nemendaverndarráði skólans og í framhaldi heildstæðri greiningu á stöðu nemandans. Við heildstæða greiningu sem gerð er í samráði við foreldra skal tillit tekið til aðstæðna nemanda og heildarhagsmuna og þess gætt að nemandi sjálfur eigi þess kost að tjá sig um ákvörðun eftir því sem aðstæður leyfa. Foreldrum eru kynntar allar niðurstöður. Inntökuteymi deildar, sem í sitja umsjónarmaður deildar, skólustjóri og sérfræðiþjónustufulltrúi, fjallar um umsóknir í deildina að lokinni upplýsingaöflun. Einnig sér inntökuteymi deildar um ákvörðun um útskrift að undangengnu heildstæðu mati á stöðu nemenda í samráði við foreldra og nemanda sjálfan eftir því sem aðstæður leyfa (sjá 20. gr reglugerðar nr. 585/2010).

Unnin er Tilfærsluáætlun með þeim nemendum sem eru að útskrifast úr grunnskóla í framhaldsskóla (sjá 17.gr reglugerðar nr. 585/2010 um einstaklingsbundna tilfærsluáætlun).

Sérstök áhersla er lögð á samstarf við starfsbrautir/ sérnámsbrautir framhaldsskólanna og skil til framhaldsskólanna.

Ágreiningur um skólavist

Verði ágreiningur um skólavist nemanda í Námsveri Kópavogsskóla milli skóla og foreldra er unnið samkvæmt 17. gr og 47. gr laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 21. gr og 22. gr reglugerðar nr. 585/2010. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af álitum sérfræðinga og foreldra og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Synjun skal rökstudd ítarlega þar sem afstaða er tekin til allra þeirra sjónarmiða sem færð hafa verið fram í málinu og hvernig þau varða heildarhagsmuni barnsins.

Stjórnun og starfsfólk

Námsverið er skipulags- og stjórnunarlegur hluti Kópavogsskóla undir stjórn skólustjóra. Dagleg umsjón er í höndum sérstaks umsjónarmanns. Við Námsver starfa kennarar og stuðningsfulltrúar eftir því sem þurfa þykir hverju sinni. Sjá skipurit og yfirlit yfir starfsmenn í starfsáætlun Kópavogsskóla og ársskýrslu námsversins. Starfsmenn skulu vinna eftir námskrá Námsversins þar sem kveðið er á um samræmt heildarskipulag bæði hvað tekur til nemendahópsins og starfsmanna.

Skráning gagna er samkvæmt lögum um persónuvernd nr. 77/2000 og meðferð upplýsinga um nemendur og rétt foreldra um upplýsingar er samkvæmt lögum og reglugerð nr. 897/2009.

Nemendur og námsumhverfi

Nemendum Námsvers skal búið hvetjandi og fjölbreytt námsumhverfi í samræmi við þær þarfir sem tilgreindar eru í einstaklingsnámskrá. Nemendur fá jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í skólalífinu. Markmið er að nemendur geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu á allan hátt til þess að vera félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu.

Kennsluhættir eru lagaðir að þörfum og stöðu einstakra nemenda. Viðmið og fyrirmæli eru sýnileg og skýr. Búnaður í húsnæði skólans skal taka mið af þörfum nemenda og stöðu og skal einnig veita möguleika bæði til bóklegs og verklegs náms.

Réttur nemenda til að tjá sig og réttur nemenda til menntunar og að fá jöfn tækifæri er skilyrðislaus samkvæmt lögum, reglugerðum og þeim samningum er gilda á Íslandi um börn. Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda eftir því sem aðstæður leyfa.

Foreldrar

Foreldrar geta sótt um fyrir barns sitt í Námsveri Kópavogsskóla telji þeir, skólustjóri, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við hæfi í því skólaumhverfi sem það er í. Farið er eftir móttökuáætlun skólans þegar nemandi innritast í Námsver.

Allar athuganir skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra. Einstaklingsnámskrá skal endurskoðuð reglulega í samstarfi við foreldra og nemendur eftir því sem við verður komið.

Tilfærsluáætlun fyrir nemendur í 9. og 10. bekk er unnin af þeim í samráði við foreldra og kennara (sjá 17.gr reglugerðar nr. 585/2010 um einstaklingsbundna tilfærsluáætlun).

Rekstur

Kópavogur ber ábyrgð á rekstri deildarinnar. Daglegur rekstur og stjórnun er í höndum skólustjóra Kópavogsskóla og umsjónarmanns Námsvers.

Nemendum með fötlun stendur til boða að sækja um lengda viðveru í frístundaúrræði á vegum sveitarfélagsins. Nemendur utan skólahverfis eiga rétt á akstri til og frá skóla og er aksturinn útfærður nánar í samráði við foreldra.

Ráðgjöf og kennslufræðileg þjónusta

Sálfræðingur skólans sinnir greiningar- og ráðgjafarhlutverki við þá sem tengjast Námsverinu. Það á jafn við um nemendur, foreldra og starfsfólk. Sér færð þjónustufulltrúi á grunnskóladeild er tengill við úrræðið og sér um ráðgjöf og kennslufræðilega þjónustu við nemendur, foreldra og starfsfólk deildarinnar.

Ársskýrsla

Í lok hvers skólaárs skal gera yfirlit um starfsemi Námsvers, þar sem m.a. kemur fram fjöldi nemenda, fjöldi starfsmanna og helstu áherslur í starfinu. Þetta yfirlit berist grunnskóladeild Menntasviðs í júní hvert ár.